

Borgarbyggð
Þóra M. Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 11. ágúst 2020
UST202007-201/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Vörðuholt - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 21. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Vörðuholt í Borgarnesi í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins, sem er um 12 ha að stærð, er að afmarka lóðir og skilgreina núverandi byggingarreiti fyrir íbúabyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis. Auk þess verða skilgreindar umferðaleiðir fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Göngustígar og slóðar sem liggja um svæðið verða skilgreindir frekar í skipulaginu.

Leirur

Í greinargerð kemur fram að svæðið afmarkast af borgarklettum við sjó, hins vegar liggja deiliskipulagsmörkin á mynd 2 út í sjó og út á leirurnar. Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Eins og tillagan er sett fram í lýsingu mun tillagan, að mati stofnunarinnar, ekki hafa áhrif á leirurnar. Umhverfisstofnun bendir á ef afmörkun skipulagssvæðisins mun ná út í leirurnar leggur stofnunin áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur